

ÍSLENSK HÖNNUN

Skandínavískri hönnun, ásamt íslenskri, hefur fleytt fram síðustu áratugi og verður vinsælli með ári hverju. Skandinávísk fatahönnun hefur á undanförunum árum náð betri fótfestu vegna þess hversu hagnýtur, fallegur og einfaldur fatnaðurinn er. Skandínávíska „útlitið“ einkennist aðallega af einfaldleika, naumhyggju, mannlegri virkni og hagnýtri framleiðslu.

Hina einkennandi fagurfræði Skandinavíu er auðveldlega hægt að rekja til þess hversu ráðandi landbúnaður og fiskveiðar hafa verið í þeim samfélögum frá upphafi. Skandinavía hefur þannig haldið í verkkunnáttu og handverk sem er ólíkt því sem gerist annars staðar í Evrópu.

Í dag er skandinavísk hönnun alþjóðlegt vörumerki. Við tilkomu internetsins hafa möguleikar hennar aukist og þeir sem fylgjast vel með tísku missa ekki af neinu og þar af leiðandi ekki heldur af íslenskri og skandínavískri listsköpun, hvort sem það er í húsgögnum, vöruhönnun eða fatahönnun. Skandínávísk tíska á upp á pallborðið vegna þess að þeir þættir sem hönnuðir kynna með fatalínunum sínum eru vel í takt við það hvernig við lifum í dag¹.

Á Íslandi hefur HönnunarMars orðið fastur liður í menningunni og á nokkrum dögum er hægt að kynna þá helsta í íslenskri hönnun vítt og breytt um höfuðborgarsvæðið.


„HönnunarMarsinn spannar vítt svið, allt frá helstu hönnuðum þjóðarinnar sem sýna hvað í þeim býr, til nýútskrifaðra hönnuða sem eru stíga sín fyrstu skref. Á HönnunarMars er hönnun kynnt sem atvinnugrein sem byggir á traustum grunni og gegnir veigamiklu hlutverki í samtímanum“².



Fatahönnuðum á Íslandi fjölga jafnt og þétt og mikil gróska hefur verið í faginu eftir að Listaháskólinn hóf að kenna það árið 2002. Íslenskir fatahönnuðir eru fjölmargir og hafa menntað sig víðsvegar um heiminn. Þeir vinna við mismunandi störf, sumir hanna útvistarfatnað, aðrir vinna hjá stórum tískufyrirtækjum, enn aðrir eru með sín eigin merki og fataframleiðslu og þar að auki eru margir sem fást við störf sem tengjast tiskuiðnaðinum á einn eða annan hátt hvort sem það er við stílistastarf, ráðleggingar, blaðamennsku eða annað. Það er ýmislegt sem greinin hefur upp á að bjóða og undir hverjum og einum komið hvert leiðin liggur.

Tískuvikur eru orðnar fastur liður í skandínávísku samfélagi og í Stokkhólmi og Kaupmannahöfn eru þær orðnar nokkuð stórar. Íslenskir fatahönnuðir sækja í auknum mæli á slíkar sýningar, þá sérstaklega í Kaupmannahöfn, og taka þar einnig þátt í svokölluðum sölusýningum þar sem þeim gefst tækifæri á að kynna vörur sínar fyrir skandínávískum og evrópskum kaupendum.

Þú getur skoðað skandínávískar tiskusýningar nánar ef þú slærð inn leitarorðum eins og Stockholm fashion week og Copenhagen fashion week.



Heimildir: 1. Grundtoft, Dorothea (2013), Fashion Scandinavia Contemporary Cool, bls. 6–7. 2. <http://www.honnunarmidstod.is/HonnunarMars>.

Myndir: 1. STEINUNN, ljósmyndari: Mary Ellen Mark. 2. Farmers Market, ljósmyndari: Ari Magg. 3. Helicopter, ljósmyndari: Esther Ír. 4. Kron by kronkron, ljósmyndari: Saga Sig. 5. Verkefni í Listaháskóla Íslands eftir Ása Már Friðriksson. 6. EYGLO, ljósmyndari: Arnold Björnsson. 7. ELLA, ljósmynd frá RFF 2013.